

1221. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. september 2021, kl. 17:30 á Hilton Nordica hóteli.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestir: Drífa Snædal forseti ASÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson 1. varaforseti ASÍ, Sólveig Anna Jónsdóttir 2. varaforseti ASÍ og Halla Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri ASÍ, Gils Einarsson formaður deildar VR á Suðurlandi, Þórhildur Ragna Karlsdóttir formaður deildar VR í Vestmannaeyjum og Bryndís Kjartansdóttir starfsmaður skrifstofu VR á Suðurnesjum.

Dagskrá:

1. Heimsókn forseta, varaforseta og framkvæmdastjóra ASÍ auk formanna deilda VR

Ragnar Þór kynnti gesti fundarins en það eru þau Drífa Snædal forseti ASÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson 1. varaforseti ASÍ, Sólveig Anna Jónsdóttir 2. varaforseti ASÍ og Halla Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri ASÍ, Gils Einarsson formaður deildar VR á Suðurlandi, Þórhildur Ragna Karlsdóttir formaður deildar VR í Vestmannaeyjum og Bryndís Kjartansdóttir starfsmaður skrifstofu VR á Suðurnesjum. Þau eru komin hér til fundar við stjórn VR til þess að ræða stöðuna og stemminguna t.d. er varðar endurskoðun kjarasamninga ofl.

Drífa tók til máls og sagði heimsóknina hluta af yfirferð þeirra um landið, ræddi hún m.a. þingslit ASÍ þings sem haldið verður rafrænt á morgun en stefnt er að því að halda hefðbundið þing næsta haust. Formenn stjórnaráflokka verða í pallborði í lok þings.

Við höfum verið að gera okkur gildandi í kosningaumræðum í aðdraganda alþingiskosninga nú í lok mánaðar undir slagorðunum „Það er nóg til“.

Varðandi kjarasamningana sagði Drífa að við höfum náð að verja þá og einnig kaupmáttinn.

Ræddi hún endurskoðun kjarasamninganna nú í haust og sagði að ekki hefðu allar forsendur þeirra staðist en að samninganefnd ASÍ vilji ekki segja þeim upp heldur láta þá halda og fá þá umsamda launahækkun og hagvaxtaraukann sem um var samið. Það er spurning hvað SA muni gera, hvort þeir muni huga að uppsögn eða a.m.k. „stíga einhvern dans“ eins og formaður þeirra orðaði það.

Í ferðum þeirra um landið hafi auðvitað heilbrigðismálin borið mikið á góma, ekki síst utan

höfuðborgarsvæðisins. Þá hafi stytting vinnuvikunnar einnig verið í umræðu og væri forvitnilegt að heyra af reynslu VR í þeim málum.

Þá kynnti ASÍ skattaskýrslu í gær þar sem m.a. var samanburður við Norðurlöndin.

Gils tók nú til máls og ræddi stöðuna á Suðurlandi. Hann hefur ferðast um svæðið og markvisst í verlanir. Enginn sem hann ræddi við hafi viljað segja upp samningunum og að fólk sé ánægt með samninginn.

Bryndís tók til máls og sagði ástandið slæmt á Suðurnesjum þar sem hafi verið 22% atvinnuleysi á tímabili. Enginn vilji þar heldur segja upp samningunum sem hún hefur rætt málið við. Mikið sé þar rætt um slaka heilbrigðisþjónustu en allt sé nú að koma til í atvinnulífinu m.a. með endurkomu umsvifa Ícelandair. Þetta hafi verið mjög erfiður tími.

Umræður.

Þórhildur tók til máls og sagði ekki mikið rætt um kjarasamningana í Vestmannaeyjum en flestir virðist ánægðir með þá en hins vegar sé gríðarlega mikil óánægja með heilbrigðisþjónustuna og það er málefni sem brennur á fólki. Það hefur verið nokkur uppgangur í atvinnulífinu í Eyjum.

Ragnar Þór sagði að ef SA vilji segja upp samningunum verði auðvelt að mæta því og hafi VR safnað saman miklu af gögnum.

Drífa bauð nú uppá umræður við forsetateymið og ræddi það sem fram kom í máli fulltrúa deilda VR.

Umræður.

Stefán sagði frá nýlegri könnun um styttingu vinnuvikunnar sem sýni að það er almenn ánægja með styttinguna eða 77%.

Að þessu loknu var forsetateyminu þakkað með lófataki og viku þau af fundi kl. 18:51 en Ragnar Þór óskaði eftir samþykki fundarins fyrir því að fulltrúar deilda VR fengju að sitja áfram á fundi kysu þau það. Var það samþykkt og sátu þau áfram fundinn til loka.

Hér afhenti svo Ragnar Þór Hörpu afmælisgjöf frá VR í tilefni nýlegs 50 ára afmælis hennar. Var því fagnað með lófataki, henni óskað heilla og sunginn afmælisöngurinn með ferföllu húrra!

2. Fundargerð 1220. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1220. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar



athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að nú væru nefndarstörf aftur að fara í gang. Undirbúningur kjarasamningagerðar á næsta ári væri farinn á fullt og Kjaramálanefnd VR búin að hittast.

Endurskoðun kjarasamnings miðar við 30. september og mun forsendunefnd kveða uppúr með það hvort forsendur hafi haldið en klárlega eru þær brosnar svo það er í höndum samningsaðila hvort samingum sé sagt upp. Það er ekki stemming fyrir því okkar megin eins og komið hefur fram. Hjá okkur er unnið í úttekt á stöðu fyrirtækja sem mun nýtast okkur vel í umræðum um stöðu samningsins.

Unnið er í undirbúningi fyrir fyrsta stjórnarfund í Blæ leigufélagi og verkefnin þar að komast af stað.

Fundur var í stjórn VIRK í morgun.

Sjónvarpsþáttur á vegum Öldungaráðs VR í samstarfi við Hringbraut var tekinn upp í gær og tókst vel til. Þetta er umræðuþáttur um stöðu eldri borgara og lífskjör þeirra og skerðingar á greiðslum. Verður þátturinn sýndur á sunnudag.

Umræður.

4. Skipulag við vinnslu kröfugerðar fyrir næstu kjarasamninga

Stefán lagði fram skjalið „Skipulag vinnu við kröfugerð“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að nú sé rúmt ár í að kjarasamningar renni út og Kjaramálanefnd VR hafi hist og rætt málin. Það sé komið skipulag um það hvernig kröfugerð okkar verði mótuð. Það er teymi á skrifstofu VR sem heldur utanum verkefnið og svo mun Kjaramálanefnd funda reglulega.

Fyrsti áfangi þessarar vinnu eru rannsóknir og undirbúningur þar sem m.a. er fjallað um fjarvinnu, styttingu vinnuviku, mótun PR stefnu og áherslur kjaramálasviðs VR. Annar áfangi er mótun áherslna þar sem niðurstöður rannsókna eru kynntar, haldinn upphafsfundur um kröfugerðina með trúnaðarráði VR, könnun lögð fyrir félagsfólk og haldinn vinnufundur trúnaðarráðs og trúnaðarmanna. Þriðji áfangi er svo kröfugerðin sjálf þar sem eru unnin drög sem lögð eru fyrir stjórn og svo samþykkt í trúnaðarráði og loks yrði hún lögð fram og viðræðuáætlun send ríkissáttasemjara.

Umræður.

5. Staða vaxtamála

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Ályktun stjórnar VR um vaxtamál 8. september – Drög“ og fór yfir efni þess á slæðum. Sagði hann bankana ekki hafa skilað stýrivaxtalækkunum til fólksins og þeir hafi einnig aukið álagningu sína mjög mikið síðustu árin. Las hann upp drög að ályktun í heild.

Umræður

Í umræðum um ályktunardrögin voru gerðar nokkrar breytingar og yrðu ný drög send fundarmönnum til samþykktar á morgun en eftir breytingar eru drög að ályktun þannig orðuð:

„Ályktun stjórnar VR á fundi sínum þann 8. september 2021

Álagning banka á Íslandi er alltof há

Nú hafa stóru bankarnir þrír, Landsbanki, Arion banki og Íslandsbanki allir nýlega skilað uppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2021. Samanlagður hagnaður þeirra er 37 milljarðar króna á tímabilinu. Landsbankinn skilar mestum hagnaði eða 14,1 milljarði, Arion banki 13,8 milljörðum og Íslandsbanki 9 milljörðum króna.

Bankastjóri Landsbankans fylgir sínu uppgjöri úr hlaði í fréttatilkynningu með orðunum: *“Góð rekstrarniðurstaða undanfarinna ára gerir okkur kleift að bjóða viðskiptavinum betri kjör.”* En eru þetta í raun “betri kjör” almenningi til handa? Skoðum tölurnar sem bankarnir sjálfir stilla upp í sínu nýlegu uppgjörum:

	Meðalvextir útlána	Meðalvextir innlána	Mismunur	Hagnaður jan-jún
Íslandsbanki	5,19%	0,87%	4,31%	9 milljarðar kr.
Landsbanki	4,99%	1,06%	3,93%	14,1 milljarður kr.
Arion banki	5,61%	1,06%	4,55%	13,9 milljarður kr.
Vegið meðaltal	5,22%	1,00%	4,22%	37 milljarðar kr.

Þarna má sjá að meðalvextir útlána bankanna eru 5,22% á móti aðeins 1% meðalvöxtum innlána sem gerir mismun uppá heil **4,22 prósentustig**. Það er nú þökkaleg álagning og satt að segja myndu nú flestir segja að verslun sem kaupir mjólkurlíttra á 100 kr. en seldi á 522 kr. væri með ofurálagningu og láti okkur því hver sem vill ef við köllum þetta þá að sama skapi okurvexti eða a.m.k. ofur álagningu

Forkólfar í atvinnu- og fjármálageiranum hafa verið óþreytandi undanfarin ár að brýna það fyrir verkalyðshreyfingunni að líta til landanna í kringum okkur um umgjörð kjarasamninga og hve gott það er að bera okkur saman við þau lönd. Nú viljum við í stjórn VR á sama hátt hvetja þessa aðila til þess sama og skoða hvaða áhrif það hefði á "betri kjör" viðskiptavina bankanna og efnahag landsins ef vaxtamunur bankanna væri meira í átt við það sem er í löndum sem við berum okkur saman við en þar er hann nokkuð minni. Álagning íslenskra banka er hreinlega allt of mikil og hana verður að lækka. Það mætti vel lækka vaxtamuninn um 1,25% prósentustig svo hann sé nær því sem gerist í nágrannalöndunum og með því mætti skila **40 milljörðum króna** árlega til fyrirtækja og einstaklinga í landinu.

Eins og sjá má af þessum tölum er holur hljómur í þeirri fullyrðingu bankanna, sem auðvitað allir hafa orðmiklar stefnur um samfélagsábyrgð, að hinn mikli hagnaður skili viðskiptavinum betri kjörum.

Stjórn VR skorar því á bankana þrjá, Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka að láta af hinum óhóflega vaxtamun milli innlána og útlána, að þeir sýni raunverulega samfélagsábyrgð á borði fremur en bara í orði og skili þjóðinni aftur því sem á milli ber."

6. Sex mánaða uppgjör VR og lykiltölur

Stefán lagði fram skjölin „Efnahagur 30. júní á sjóði“, „Lykiltölur janúar til júní 2021“ og „Rekstraryfirlit janúar til júní 2021“. Fór Stefán yfir efni þeirra á slæðum og kom m.a. fram í máli hans að fækkun félagsfólks hafi nú gengið tilbaka frá fyrri hluta árs en félagar eru 36.067. Þar sem skrifstofan hefur verið lokuð hefur auðvitað orðið mikil fækkun afgreiðslna eða 75% en athygli vekur að símtölum fækkaði einnig á tímabilinu um 20% sem bendir til þess að nokkur breyting er að verða á afgreiðslum þannig að meira sé um að félagsfólk afgreiði sig sjálft á vef félagsins og sendi gögn inn með rafrænum hætti t.d. í sjúkrasjóði. Póstum á netfangið vr@vr.is hefur fjölgað um 10%.

Af öðrum þáttum má nefna að kjaramálum fækkar um 36,8%, fjöldi félagsfólks sem fær styrk úr VR varasjóði fjölgar um 31,3% og eru alls 8.448 á tímabilinu og nýting orlofshúsa er einnig meiri. Ánægjulegt er að greiðslur sjúkradagpeninga lækka um 22,7%.

Tekjur á tímabilinu eru tæpir 2.2 milljarðar króna og gjöld rúmlega 2.1 milljarður króna. Hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 465 milljónir króna. Eignir VR eru 15.3 milljarðar króna og var nafnávöxtun á sjóðum VR 4,13% og raunávöxtun 1,36%.

Umræður.

7. Könnun um hvað félagsfólk vill að verði kosningamál í næstu alþingiskosningum

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Minnisblað um niðurstöður könnunar meðal félagsfólks um kosningamálin 2021“ dags. 8. september 2021 og fór yfir efni þess á slæðum. Kom fram að könnunin var gerð meðal úrtakts úr félagakerfi VR dagana 30. ágúst til 8. september 2021 og skiluðu 520 svörum. Niðurstöðurnar eru vísbending en endurspegla ekki endilega félagsfólk okkar.

Spurt var um afstöðu til 17 mála þar sem hægt var að merkja við mest 5 atriði en auk þess gátu svarendur skrifað svör og voru þau 137.

Niðurstaðan var sú að þau fimm atriði sem félagar VR vildu helst að verði kosningamálin í næstu alþingiskosningum voru eftirfarandi:

1. Heilbrigðismál og staða heilbrigðiskerfisins
2. Staða eldri borgara og öryrkja
3. Umhverfis- og loftslagsmál
4. Kaupmáttur og verðbólga
5. Vextir og verðtrygging

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að réttast væri að setja út frétt um niðurstöðu þessarar könnunar og voru fundarmenn því sammála. Væri gott að þar kæmi fram að VR hafi einmitt verið að vinna í mörgum þeirra atriða sem nefnd voru svo sem málefni eldri borgara, vaxtamálin, kaupmátturinn og húsnæðismál svo einhver séu nefnd.

Hér óskaði Ragnar Þór eftir heimild fundarins til að framlengja fundi til kl. 21:30 Samþykkt.

8. Þing LÍV

Stefán sagði að þingi LÍV yrði frestað til vors en stutt rafrænt þing verður haldið þann 14. október til þess að afgreiða föst mál en svo yrði þingi frestað og stefnt að því að halda það í Hallormsstað á næsta ári. Póstur hefur verið sendur á trúnaðarráð til þess að óska eftir þingfulltrúum fyrir hönd VR en þeir verða formlega kosnir á félagsfundi nú síðar í mánuðinum. Þegar hafa 68 gefið kost á sér og því þarf aðeins að fylla nokkur sæti í viðbót en póstur fer á trúnaðarmenn VR á morgun til að gefa þeim kost á að fylla þau sæti sem uppá vantar. Auðvitað geta svo aðrir félagar gefið kost á sér á fundinum ef svo ber undir.

Fundi er slitið kl. 21:25

Árni Leósson, fundarritari

